

5. september 1980.

293

Nr. 66.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi hafi þegar orðið mikill samdráttur í innlendri framleiðslu þessara vara sem fyrirsjáanlega geti leitt til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tímabundið gjald. Gjaldið skal greiða af innfluttum vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Innflutnings- gjald %
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	40
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a.	40
17.04.04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	40
17.04.05	Karamellur	40
17.04.06	Vörur úr gúmmi arabikum	40
17.04.09	Aðrar	40
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ.e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri	40
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	40
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ.m.t. konfekt	40
18.06.09	Annars	40
19.08.01—09	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	32

Við vöruflokkun til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu gilda flokkunarreglur laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Innflutningsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, úrskurð um tollflokkun til gjaldskyldu, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi innflutningsgjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Óheimilt er vegna álagningar innflutningsgjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

5. gr.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað skal varan tollafgreidd án greiðslu hins tímabundna innflutningsgjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan átta daga talið frá og með gildistökudegi laga þessara.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tolfyrirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal greiða innflutningsgjald skv. 1. gr., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu, eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum vörflokkum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. mars 1982.

Gjört í Reykjavík, 5. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.